

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vesturumdæminu, um gjaldfrest á láni til Snæ-
fellsnessýslu.

1864.
20. júlí.

Þér hafið, herra amtmaður, með bréfi 23. d. janúarm. þ. á. sent hingað bænarskrá frá fátækrastrjórninni í Nes hrepp utan Ennis, um að íbúum hrepps þessa verði, sökum hinnar miklu fátæktar, sem þar er manna á milli, veittur frestur með að borga þær 50 tunnur af rúgi, sem þeir fengu til láns af korni því, er keypt var fyrir fè hins íslenzka styrktarsjóðs og sent til Snæfellsnessýslu haustið 1860, þangaðtil efnahagur sveitarinnar batni svo, að henni verði fært að borga skuld þessa; hafið þér sagt rétt vera það, sem í bænarskránni er tilfært um báginda ástand hreppsþúa, og lagt það til, að hlutaðeigendum verði veittur 15 ára frestur til að lúka skuldinni að fullu; álitíð þér, að þeir muni þá verða færir um að borga skuldina, nema svo fari, að óvæntir atburðir enn meira en að undanfögnu hnekki afi þeirra og efnahag.

Enn fremur hafið þér, herra amtmaður, með bréfi 6. d. maímán. þ. á. sent stjórnarráðinu reikning um kornlán það, sem þurfandi sveitir í Snæfellsnessýslu fengu árin 1861 og 1862, og snertir reikningurinn bæði innstæðuna og vöxtu af láninu; einnig senduð þér bréf frá hreppstjórunum í Nes hrepp innan Ennis og í Breiðavíkur hrepp um, að hreppar þessir eigi geti borgað það, sem þeir eiga að greiða uppí skuld sína; létuð þér í ljósi, að ákjósanlegt væri ef nokkrum hreppum, einkum Nes-hreppunum báðum, Breiðavíkur hrepp og Eyrarsveit, yrði veittur svo langur frestur með borgun skuldar þessarar, sem stjórnarráðið ákvæði.

Um þetta efni skal yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að stjórnarráðið vegna þess, hvernig ástatt er, leyfir að ekkert verði borgað uppí skuldir þær, sem hér er um rætt, til loka yfirstandandi árs; en í byrjun næsta árs vonast það eptir að fá ýtarlegri skýrslu amtsins um ástandið.